

Selfossi 04. júlí, 2005
Kei/kei

Fundargerð stjórnar

62. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 4. júlí, 2005 að Austurvegi 2, Selfossi. (Egilssetri)

Mættir: Einar Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson, Þorvaldur Guðmundsson Sandra Gunnarsdóttir og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð
Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.00
Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Hugsanleg yfirtaka Brunavarna Árnessýslu á sjúkraflutningum í Árnessýslu.

Einar fór yfir málið og upplýsti fundarmenn um það sem fram hefur komið á síðustu vikum.

Kostnaðarþættir verksins ræddir. Fram kom að huga þyrfti vandlega að því að útreikningar verði ekki vanreiknaðir.

Einnig kom fram að huga þyrfti að örri íbúafjölgun á svæðinu sem og mikilli gestakomu yfir sumartímann og nánast allar helgar.

Slökkviliðsstjóra falið að skoða málin nánar í samvinnu við fulltrúa VST Niðurstaða þarf að koma fyrir fund stjórnarinnar með fulltrúum Heilbrigðisráðuneytisins n.k. miðvikudag.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 11.05

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson
Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson